

## Náttúruverndarstofnun

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegi 1-3,  
850 Hellu

Garðabær, 6. mars 2025  
202501-0175/A.B.  
08.01

### Efni: Umsögn - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Stekkatún

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Stekkatún.

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að stækka verslunar- og þjónustusvæði VÞ36 úr 6,7 ha í 44 ha og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Megin uppbygging verður gestahús/litlar hvelfingar þar sem gestir geti notið næturhimins og norðurljósa, ásamt góðri gistipjónustu. Hámarks byggingarmagn innan þjónustusvæðis eykst úr 510 m<sup>2</sup> yfir í allt að 1600 m<sup>2</sup> innan svæðis.

### Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem skipulagssvæðið nær til svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði þarf að fjalla um fuglsvæðið í tillögunni, einnig þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er um vernd fuglasvæðisins, undir kafla 3.2. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins rýri ekki verndarsvæði fuglasvæðanna og að hugað sé að endurheimt og vernd. Auk þess þarf að koma fram í forsendum hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd á mikilvægum fuglasvæðum.

### Vistgerðir

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt [vistgerðarkorti](#) Náttúrufræðistofnunar er innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (Calidris alpina), spói (Numenius phaeopus), þúfutittlingur (Anthus pratensis), hrossagaukur (Gallinago gallinago), jaðrakan (Limosa limosa) og stelkur (Tringa totanus) nýti slíka vistgerð til varps.

## Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.<sup>1</sup>

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Auk þess þarf að koma fram í forsendum hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi náttúruvernd.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Ingibjörg M. Bjarnadóttir

***sérfræðingur***

---

<sup>1</sup> <https://moi.hi.is/is/mofuglar>